

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.

1866.
20. ágúst.

Með bréfi dagsettu 24. maímán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað eptirrit og útlekkingu á dönsku af vottorði, er borið hefir verið fyrir lögreglurètti Reykjavíkur 13. marzmán. þ. á., um hina djörfu framgöngu Bjarna Oddssonar, hafnsögumanns úr Reykjavík, og háseta hans, 9. marzmán. þ. á., til þess að bjarga þremur mönnum, sem sökum ísreka voru komnir í mikinn lífsháska á sjó. Hafð þér mælt fram með, að þeim, sem björgudu mönnunum, verði veitt verðlaun, og finnst yður mátulegt að setja þau á 2 ríkisdali handa hafnsögumanninum og 2 ríkisdali handa hverjum af hásetum hans, en þeir voru 9 alls.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að dómsmálastjórnin eptir atvikum þeim, sem skýrt hefir verið frá, hefir veitt Bjarna Oddssyni, hafnsögumanni og hásetum hans 32 ríkisdala verðlaun, og skal lögreglustjórnin skipta þeim á milli þeirra, eins og honum lízt. Landfógetanum hefir í dag verið skrifað um að greiða fè þetta úr jafðabókarsjóði Íslands, þegar þér krefist þess.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja hjáleiguna Býlubúð í eyði.

20. ágúst.

Með bréfi dagsettu 17. maímán. þ. á. hafð þér, herra amtmmaður, sent hingað bréf með fylgiskjali, þar sem Árni Thorlacíus, umboðsmaður yfir Arnarstapa umboði, fer þess á leit eptir beiðni Kristjáns Gíslasonar, hreppstjóra, leiguliða á Bjarnabúð og Býlubúð, hjáleigum frá umboðsjörðinni Arnarstapa, að það megi steypa hjáleigum þessum saman og rífa húsin í Býlubúð, með því að leiguliðinn að öðrum kosti ætli sèr að segja hjáleigunum lausum, og það muni verða mjög erfitt að byggja þær

1866.
20. ágúst.

hverja útaf fyrir sig, þar sem þær eru mjög lítilfjörlegar. Þær hafið mælt fram með, að leyft sé, að það megi rífa húsin á hjáleigunni Býlubúð, selja þau og borga andvirðið í ríkissjóðinn, og leggja síðan Býlubúðar land undir hjáleiguna Bjarnabúð, með þeim skilmálum, að galdið verði eptirleidis sama afgangur til landsdrottins, og galdið hefir verið til þessa af báðum hjáleigunum, að leiguliðinn skili húsunum á Býlubúð með tilhlýðilegu ofanálagi, og að ofanálagið og það sem fæst við opinbert uppboð fyrir hús þessi, eða efnið í þeim, verði tilgreint meðal tekjanna í umboðsreikningnum fyrir Arnarstapa umboð.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin eptir mála-vöxtum fellst á uppástungur yðar um þetta efni.

22. ágúst. **74. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrktarfé handa prestsekkju.**

Í bræfi 1. þ. m. hafið þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að Ingibjörg Pálsdóttir, prestsekkja frá Hjarðarholti, sem veittir höfðu verið með bræfi stjórnarráðsins dagsettu 22. júnímán. 15 ríkisdalir af styrktarfé því handa fátækum uppgjafaprestum og fátækum prestsekkjum, sem veitt var í fjárhagslögum þessa árs, sé dáið, og hafið þér stungið uppá, að styrkur þessi verði veittur annari fátækri prestsekkju, Valgerði Pálsdóttur í Barðastrandar sýslu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að stjórnarráðið fellst hér með á uppástungu yðar um þetta efni.